

REGLUGERÐ um Reiknistofnun Háskólans.

1. gr.

Reiknistofnun Háskólans lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að:

- a) Vera háskólaráði og einstökum deildum til ráðuneytis um upplýsinga- og tölvutækni og leggja reglulega fram tillögur um skipulag og framkvæmd upplýsingamála;
- b) byggja upp og reka upplýsinga- og gagnanet fyrir Háskóla Íslands, og annast þjónustu við notendur;
- c) koma upp og reka, í nánu samráði við deildir, aðstöðu fyrir nemendur allra deilda til kennslu og náms í greinum þar sem notkunar tölvu er þörf;
- d) annast rekstur reiknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara, nemenda og annarra starfsmanna háskólans og stofnana hans;
- e) annast hugbúnaðar- og reikniþjónustu fyrir aðila utan háskólans, þó hafi þarfir háskólans forgang við val verkefna;
- f) fylgjast með alhliða þróun í tölvutækni og gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á nýjungum og stöðlum;
- g) hafa yfirsýn yfir eign, notkun og þekkingu Háskóla Íslands á tölvubúnaði og stuðla að hagstæðum og samræmdum innkaupum;
- h) tryggja vitneskju starfsmanna og nemenda um þá þjónustu sem stofnunin veitir og kunnáttu þeirra til að nota hana.

3. gr.

Rektor ræður forstöðumann stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf. Háskólaráð skipar fimm manna stjórn stofnunarinnar til tveggja ára að fenginni einni tilnefningu frá hverri deild háskólans, auk sjálfstæðra tilnefninga frá tölvunarfræðiskor og háskólarektor. Forstöðumaður og einn fulltrúi starfsmanna Reiknistofnunar skulu sitja stjórnarfundir án atkvæðisréttar en með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Stjórnin kys úr sínum hópi formann og varaformann. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundir ræður atkvæði formanns. Stjórnin markar stefnu og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir ráðningu starfslíðs, rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar stjórnar daglegum rekstri hennar, gerir tillögur til rektors um ráðningu starfslíðs og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Fjárveitingar á fjárlögum, sem miðað er við að standi undir rekstri samkvæmt liðum a, b og c í 2. gr.;
- b) fjárveitingar á fjárlögum til ákveðinna tímabundinna verkefna sem stofnuninni er falið að annast;
- c) tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans;
- d) styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna;
- e) gjafir.

Fjárveitingar og tekjur af þjónustu skulu standa undir fjárþörf stofnunarinnar til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Stofnunin getur þó í samkeppni við aðrar þarfir háskólans sótt um að Happprætti háskólans, fjármagni meiriháttar tækjakaup. Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139/1990, um Reiknistofnun Háskólans. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytinu, 18. júní 1998.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Skóga.

1. gr.

Skógar er sjálfseignarstofnun. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Rangárvallasýslu. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur eru héraðsnefnd V-Skaftfellinga og héraðsnefnd Rangæinga. Stofnendur leggja til sjálfseignarstofnunarinnar til fullra afnota eignarhlut sinn í jörðinni Ytri-Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi með tilheyrandi réttindum og skyldum og með þeim skilyrðum er fylgdu afhendingu jarðarinnar samkvæmt gjafabréfi, dagsettu 30. september 1944, til Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Héraðsnefndirnar gegna áfram hlutverki jarðareigenda gagnvart ábúendum jarðarinnar Ytri-Skóga samkvæmt þinglýstu byggingarbréfi, dags. 7. ágúst 1980.

Fyrir liggur veðbókarvottorð af jörðinni Ytri-Skógum frá 26. maí 1998. Byggðasafnið í Skógum lýtur sérstakri stjórn sem fer með málefni þess ásamt húseignum og tilheyrandi lóð.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 500.000 sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtaður með tryggilegum hætti.